

52. fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps, aukafundur 11.06 2013, kl. 13.00

Mættir allir aðalmenn: Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson, Anna Jóna Árnarsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson og Þorvarður Ingimarsson

Oddviti setti fund.

Dagskrá

1. Skólamáli

Starfshópur Fljótshéraðs og Fljótshrepps sem skipaður var til að greina stöðu, framtíðarhorfur og valkosti varðandi skólastarf á Hallormsstað, fundaði 6. Júní sl. og skilaði eftirfarandi tillögu til sveitarstjórnanna.

1. Hallormsstaðaskóli verði gerður að deild innan Egilsstaðaskóla en þar starfi deildarstjóri og starfræktar bekkjardeildir frá 1. – 8. bekk.
2. Tveir árgangar, 9. og 10. bekkur, verði færðir í Egilsstaðaskóla.
3. Skoðað verði hver kostnaður er af rekstri sundlaugar á Hallormsstað, þ.a.m. hvaða kostnaður er fyrirbyggjandi í viðhaldi / endurnýjun tækja samkvæmt niðurstöðum eftirlitsskýrslu HAUST. Þá verði kannað hver yrði kostnaður af því að aka nemendum í sund á Egilsstöðum. Ákvörðun um sundkennslu verði tekin á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram koma.

Samþykkt samhljóða eftirfarandi bókun :

Ljóst er að tillaga starfshópsins varðar umfangsmiklar breytingar á skólastarfi Hallormsstaðaskóla og slíkar breytingar yrðu ekki gerðar nema í samráði við foreldra, starfsmenn og ýmsa lögbundna aðila s.s. skólaráð o.fl.

Sveitarstjórn telur vart mögulegt að tillögur starfshópsins nái fram að ganga , hvað varðar skólastarf næsta skólaárs en samþykkir að vísa tillögunum til skólaráðs Hallormsstaðaskóla til umsagnar. Þá er lagt til að skólastjóra verði falið að koma með tillögur til sveitarstjórnar um skólastarf næsta skólaárs sem stuðli að jákvæðum breytingum á starfi skólans og taki mið af fyrirsjáanlegri fækkun nemenda hvað umfang skólastarfs varðar. Tillögum verði skilað til sveitarstjórnar fyrir næstu mánaðarmót.

Þá starfi starfshópurinn áfram að því verkefni sem honum var falið, þ.e. að greina stöðu, framtíðarhorfur og valkosti varðandi skólastarf á Hallormsstað og skili greinagerð og tillögum til sveitarstjórna Fljótshrepps og Fljótshéraðs fyrir 15. október 2013 og þá miðað við að mögulegar breytingar á skólastarfi Hallormsstaðaskóla verði frá og með skólaári 2014-2015 . Samráð verði haft við foreldra, starfsmenn og nærsamfélög.

Vegna fækkunar nemenda er óhjákvæmilegt að gera þurfi verulegar breytinga á skólastarfi Hallormsstaðaskóla.

Varðandi valkosti sem til greina gætu komið vill sveitarstjórn Fljótsdalshrepps benda á að forsvarsmenn Hjallastefnu hafa lýst sig reiðubúna til viðræðna og aðstoðar, verði eftir því leitað, en enginn Hjallastefnuskóli er á svæðinu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15.00

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)